



HVER OG HVAÐAN?

Markmið:

Að æfa algengar spurningar og svör. Að æfa fornöfnin „hann“ og „hún“. Hentar sem viðbótarefni fyrir byrjendur, t.d. með kafla 3 „Hvað ert þú að gera?“ í *Íslenska fyrir alla 1*.

Aðferð:

Hver nemandi fær blað A eða B þar sem koma fram ákveðnar upplýsingar um persónur. Nemendur eiga að safna þeim upplýsingum sem vantar á blöðin þeirra. Nemendur ganga um og biðja bekkjarfélaga sína um upplýsingar og skrifa þær niður. Markmiðið er að hver nemandi safni upplýsingum um fjórar persónur.

Nemendur þurfa að spyrja og svara í 3. persónu, eintölu. Það getur verið gott að skrifa spurningar og svör á töfluna fyrir þá sem það þurfa.

Dæmi:

Hvaðan er Símon/Anna/? Hann/hún er frá ...

Hvaðan er hann/hún? Hann/hún er frá ...

Hvaða mál talar hann/hún? Hann/hún talar ...

Hvar á hann/hún heima? Hann/hún á heima/býr ...

Hvernig fer hann/hún í skólann? Hann/hún ...



Nemandi A

| | | | | |
|--|---|---|---|---|
|  |  |  |  |  |
| <p>Símon</p> <p>Anna</p> <p>Adam</p> <p>Irma</p> | <p>_____</p> <p>Spáni</p> <p>Póllandi</p> <p>_____</p> | <p>ensku</p> <p>_____</p> <p>rússnesku</p> | <p>_____</p> <p>í Kópavogi</p> <p>á Akureyri</p> <p>_____</p> | <p>hjólar</p> <p>_____</p> <p>_____</p> <p>keyrir bíl</p> |



Nemandi B

| | | | | |
|--|---|---|---|---|
|  |  |  |  |  |
| <p>Símon</p> <p>Anna</p> <p>Adam</p> <p>Irma</p> | <p>Englandi</p> <p>_____</p> <p>_____</p> <p>Rússlandi</p> | <p>_____</p> <p>spænsku</p> <p>pólsku</p> <p>_____</p> | <p>í Reykjavík</p> <p>_____</p> <p>_____</p> <p>á Selfossi</p> | <p>_____</p> <p>fer í strætó</p> <p>fer gangandi</p> <p>_____</p> |

